

Reykjavík 17. október 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu. Þingskjal 14 — 14. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka undir mikilvægi þess að efla heilbrigðisþjónustu, menntakerfi og velferðarþjónustu og að gerð sé áætlun um hvernig það skuli framkvæmt.

Barnaheill hafa frá hrúni íslensku bankanna ítrekað sent stjórnvöldum ályktanir og áskoranir þess efnis að mikilvægt sé að standa vörð um heilbrigðisþjónustu, menntakerfi og velferðarþjónustu. Samtökin hafa hvatt til þess að ekki væri skorið niður í þessum málaflokkum því slíkt komi niður á þeim sem síst skyldi, ekki síst börnum og fjölskyldum þeirra. Þó að tekist hafi að miklu leyti að verja velferðarkerfið frá hrúni, hefur þó verið skorið niður á flestum þeim sviðum er varða börn. Niðurskurður til stoða samfélagsins eykur ójöfnuð og kemur í veg fyrir að börn njóti þeirra réttinda sem þau eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur lögfest. Jöfnuður og jöfn tækifæri allra stuðla að heilbrigðara og betra samfélagi fyrir alla. Efling og stuðningur við heilbrigðisþjónustu, menntakerfi og velferðarþjónustu er besta leiðin til þess.

Barnaheill taka undir flest það sem kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni.

Samtökin vilja leggja áherslu á mikilvægi þess að efla forvarnir og stuðning við skóla og barnafjölskyldur, því slíkt skilar sér í aukinni velferð og bættu heilbrigði og stuðlar til lengri tíma að sparnaði í heilbrigðiskerfinu. Kom það skýrt fram á ráðstefnu á vegum velferðarráðuneytisins þann 8. október sl. um geðheilsu og vellíðan barna og unglinga. Jafnframt að efling geðheilsu og forvarnir gegn geðrænum vanda meðal ungs fólks stuðlar að bættum efnahag samfélagsins til lengri tíma. Efling geðheilsu eigi ekki að fara fram fyrst innan heilbrigðiskerfisins, heldur hefjast inni á heimilum og á menntastofunum. Því er það lykilatriði að efla menntakerfið og stuðning við börn í skólum. Mikilvægt er að tryggja jafnrétti til náms á öllum skólastigum og því setja Barnaheill spurningamerki við það að hluti höfuðstóls námslána falli niður ef nemendur ljúka háskólanámi á tilskildum tíma og kerfið byggist þannig upp á blöndu styrkja og lána. Slíkt getur mismunað nemendum sökum stöðu þeirra, s.s. vegna efnahags, bakgrunns, atgervis eða mismunandi stuðnings eða aðstöðu í fjölskyldum þeirra. Efla þarf öll stig menntakerfisins, hafa fjölbreytt námsframboð og minnka brottfall úr framhaldsskólum. Jafnrétti til náms er grundvöllur velferðar í samfélaginu.

Í greinargerðinni er vitnað í skýrslu Barnaheilla um barnafátækt (*Child poverty and social exclusion in Europe – A matter of children's rights*) frá apríl á þessu ári að 16% íslenskra barna búi við hættu á fátækt eða félagslega einangrun og að vandinn hafi aukist frá hruni. Jafnframt að menntun sé helsta leið barna út úr fátækt og einangrun og því mikilvægt að efla menntakerfið til að sporna við þessum vanda og tryggja gjaldfrelsi þess á sem flestum skólastigum. Barnaheill vilja ítreka áskorun til stjórnvalda sem fram kom í skýrslunni og í þessu samhengi ekki síst eftirfarandi atriði:

- Allar áætlanir sem varða börn og miða að því að útrýma fátækt og félagslegri einangrun þurfa að byggjast á þeim réttindum sem öll börn eiga að njóta og á skilningi á stöðu þeirra og þörfum. Þeir sem marka stefnu þurfa að nálgast viðfangsefnið heildrænt og þvert á málefni. Mikilvægt að hafa mælitæki á öllum sviðum er varða börn. Tryggja viðunandi framfærslu.
- Tryggja gjaldfrjálsa gæðamenntun fyrir öll börn og styrkja leikskólamenntun og gæslu fyrir ung börn. Mikilvægt að slíkt sé fyrir öll börn ekki síst þau sem eiga við

einhvers konar erfiðleika að stríða. Minnka þarf brottfall úr skólum með raunhæfum aðgerðum sem virka.

- Styrkja velferðarkerfið ásamt beinum inngripum fyrir þau börn sem eiga við einhvers konar erfiðleika. Velferðarkerfið er helsta tæki jöfnunar og félagslegs réttlætis fyrir börn.
- Tryggja aðgang allra barna að tómstundum, listum og skemmtunum (skv. 31. gr. bs. Sp). Marka þarf stefnu um tómstundir.
- Að fjárfesta í börnum ætti að vera meginregla í fjárlagagerð á öllum stjórnsýslustigum, þar sem fjárfestingin mun skila sér til alls samfélagsins í nútíð og framtíð. Sú fjárfesting gagnast börnunum sjálfum og samfélaginu öllu til framtíðar. Því á ekki að líta á fjármagn í þjónustu við börn sem útgjöld.

Á vegum íslenskra stjórnvalda og stofnana ríkisins er nú verið að vinna að gerð fjölskyldustefnu og geðheilbrigðisáætlunar. Jafnframt er á vegum Velferðarvaktarinnar nú unnið að tillögum til að vinna gegn sárafatækt og að málefnum efnaminni barnafjölskyldna. Mikilvægt er að samhljómur sé í þeim áætlunum og tillögum sem fram koma og að þær fái brautargengi hjá stjórnvöldum og komist til framkvæmda.

Virðingarfyllt,

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri